

Hópverkefni

Kvikmyndagreining

Í þessu verkefni vinna þrír nemendur saman. Fylgið eftirfarandi verklýsingu:

1. Lesið skáldsögu og horfið á kvikmynd sem byggð er á sögunni.
2. Skriðið greinargerð þar sem þið berið saman bók og kvikmynd. Notið umfjöllunarefni sem fylgir verkefninu sem grunn að greinargerðinni.
3. Skilið bæði uppkasti og fullbúnu verkefni útprentuðu í plastmöppu.
4. Greinargerðin skal vera a.m.k. 1200 orð.
5. Hafið í huga að greinargerðin á að vera birtingarhæf. Hún á að vera á samfelldu máli og fylgja skal fyrirmælum um frágang texta, t.d. í bókinni *Heimi, handbók um heimildaritun*.
6. Skráið viðeigandi upplýsingar á forsiðu greinargerðarinnar.
7. Á fyrstu síðu skal taka fram nafn bókar, höfundar, útgefanda, útgáfuár og nafn kvikmyndar, framleiðsluár, nafn leikstjóra og lengd myndarinnar.
8. Á fyrstu síðu skal einnig skrá *föblu* sögunnar, þ.e. söguþráð hennar í örstuttu máli, t.d. 30 orðum.
9. Greinargerðin þarf ekki að vera kaflaskipt en millifyrirsagnir gera efnið aðgengilegra.
10. Þetta er samvinnuverkefni og ætlast er til þess að allir leggi jafnt af mörkum. Hver einstaklingur í hópnum hefur þó sitt hlutverk sem ákveðið er fyrirfram:
 - a) Umræðustjóri sem gætir þess að allir taki til máls og að tekið sé tillit til sjónarmiðs allra.
 - b) Tímavörður sem gætir þess að vinnuálagið dreifist jafnt á alla og að allir haldi sér vel að verki.
 - c) Ritari sem ber ábyrgð á því að vel sé unnið úr uppkasti og athugasemdum sem skráðar eru jafnóðum.

I Umfjöllunarefni

a) Bókin

Lesið bókina og veltið m.a. fyrir ykkur eftirfarandi:

1. Á hvaða tíma gerist sagan og á hve löngum tíma?
2. Er skipt á milli tímasviða, þ.e. stundum sagt frá liðnum atburðum?
3. Hvar gerist sagan og í hvernig umhverfi?
4. Hvernig er kynningin, er hún löng eða stutt? Hvar er risið í frásögninni? eru fleiri en eitt ris? Hver er lausnin í sögunni? Er hún óvænt eða fyrirsjáanleg? Hvernig er fléttan? Hvernig er spennan byggð upp?

5. Skoðið persónur sögunnar. Hvaða persónugerðir eru mest áberandi? eru það t.d. prúðar, einfaldar, flóknar, djúpar, grunnar, klaufalegar eða kurteisar persónur? Hvernig eru tengsl persónanna? Breytast persónur og þroskast eftir því sem sögunni vindur fram?

b) Kvikmyndin

Horfið á kvikmyndina og skoðið m.a. eftirfarandi atriði:

1. Hvernig litir eru áberandi? Er grár tónn áberandi eða þungur tónn, eru litirnir léttir, skærir, líflegir, glaðlegir? Hvaða áhrif hefur notkun lita á áhorfandann?
2. Hvaða atriði líta út fyrir að hafa verið flókin við gerð myndarinnar?
3. Eru langar senur í myndinni eða stuttar? Eru tímaeyður eða tímaflakk?
4. Kvikmyndir eru oft flokkaðar, t.d. í gamanmyndir, glæpamyndir, hrollvekjur eða rómantískar myndir svo eitthvað sé nefnt. Hvernig mynduð þið flokka þessa mynd og hvers vegna?
5. Greinið þið notkun einhverra tákna í kvikmyndinni? Til dæmis hrafn, skuggi, sól, lækur, haust, vor eða þess háttar.
6. Hvað fannst ykkur vel gert í myndinni? Hvað hefðuð þið viljað gera öðruvísi?
7. Skoðið talmálið. Hvað er það sem einkennir það helst? Er munur á samtölum kvenna og karla, ungs fólks og eldra fólks?
8. Koma börn við sögu? En dýr? Leika þau stórt hlutverk í kvikmyndinni?
9. Hvað fannst ykkur vel gert í myndinni? Hvað hefðuð þið viljað gera öðruvísi?

c) Samanburður

1. Hvað er líkt með bókinni og kvikmyndinni og hvað er ólíkt?
2. Fannst ykkur persónurnar í kvikmyndinni samræmast persónunum eins og þið upplifðuð þær þegar þið lásuð bókina?
3. Hver finnst ykkur vera helsti munurinn á bókinni og kvikmyndinni?

II Nokkur bókmenntahugtök

Bókmenntahugtök eru nauðsynleg í umfjöllun um bókmenntir og kvikmyndir. Kynnið ykkur eftirfarandi hugtök, flettið upp þeim sem þið kannist ekki nógu vel við og hakið við þau sem þið eruð búin að nota.

<input type="radio"/> tími (ytri tími og innri)	<input type="radio"/> bygging	<input type="radio"/> umhverfi	<input type="radio"/> sögusvið	<input type="radio"/> persónusköpun
<input type="radio"/> mannlýsingar	<input type="radio"/> tákn	<input type="radio"/> andstæður	<input type="radio"/> fabla	<input type="radio"/> málfar
<input type="radio"/> sjónarhorn	<input type="radio"/> söguþráður	<input type="radio"/> túlkun	<input type="radio"/> minni	<input type="radio"/> boðskapur
<input type="radio"/> myndhverfing	<input type="radio"/> vísun	<input type="radio"/> aðalpersóna	<input type="radio"/> aukapersóna	<input type="radio"/> flétta